

Kæra Sveitastjórn Dalabyggðar

Undirritaður hefur að undanförnum árum unnið markvisst að uppbyggingu Fáskrúðs í Dölum með það fyrir augum að stækka laxastofninn og hrygningarsvæði hans. Þegar vonast var til að árangur að þeirri vinnu færi að gera vart við sig hafa löng þurrkatímabil gert það að verkum að þessi fallega laxveiðiá verður það vatnslítill að vart er hægt að tala um Fáskrúð sem laxveiðiá lengur, sem er grátleg staða.

Sumarið 2021 keyrði þó um þverbak þegar rennsli árinna fór niður fyrir 0,1 m³/sek og hélst þannig út allan ágúst og vel inn í september. Sumarið 2019 voru ekki síðri hremmingar þegar þurrkar voru það snemma á ferðinni að laxar sáust ekki í ánni fyrr en 15. ágúst. Treystu sér ekki til uppgöngu í ána, selunum í ósnum til mikillar ánægju.

Aðstandendur og unnendur árinna eru verulega uggandi yfir þessu þessari stöðu og ef að líkum lætur verður þetta ástand viðvarandi ekki síst vegna þess að langvarandi þurrkar valda gríðarlegum skaða á búsvæðum laxaseiða og mögulega framtíð laxastofnsins.

Vorið 2021 fengum við kærkominn styrk frá Fiskræktarsjóði til að kalla til fagfólk frá Mannvit-verkfræðistofu og kanna möguleikann á vatnsmiðlun í Hvanná, sem er ein af meginkvísilum Fáskrúðs. Eftir úttekt þeirra á svæðinu er ljóst að við höfum einstakt tækifæri til að koma upp lítilli jarðvegsmiðlun í gömlum lónbotni u.þ.b. 1 km fyrir ofan ármót Hvannár og Köldukvíslar sem saman mynda Fáskrúð. Þetta yrði miðlun sem gæti haldið allt að 2,4 milljón m³ af forðavatni sem myndi varðveita búsvæði laxaseiða og jafnframt gera Fáskrúð að frábærri laxveiðiá með tiltölulega stöðugu vatni yfir veiðitímann. Þeir sem hafa veitt í Fáskrúð vita að það eru fáar ár eins skemmtilegar til veiða þegar vatnið er gott. Þeir sömu vita einnig að betra er heima setið en af stað farið þegar vatnið bregst.

Við höfum nú sent inn umverfismatsfyrirspurn til Skipulagsstofnunar og erum mjög vongóð um að þetta verkefni fái þar gott brautargengi því að allir sem þekkja til Fáskrúðs, Dalamenn, veiðimenn og aðstandendur vita hverstu brýnt þetta er orðið fyrir ána og líta á þessa framkvæmd með jákvæðum augum. Erum við að vona að öll tilskilin leyfi liggi fyrir fljótlega þannig að við getum safnað eitthverju forðavatni í vor.

Það er okkar einlæga trú að með þessari framkvæmd erum við ekki einvörðungu að koma í veg fyrir yfirvofandi umhverfisslys á búsvæði laxins í Fáskrúð í Dölum heldur erum við að skapa eina af skemmtilegri laxveiðiám landsins með Hvannármíðlun.

Við vonum að erindi þetta fái jákvæða umfjöllun hjá ykkur og þið sjáið ykkur fært að hjálpa okkur að ýta þessu úr vör.

Fyrir hönd Fáskrúðs í Dölum

Arnór Björnsson